

12. jan. **3** þykktarinnar eða reglur þær, sem bygginganefnd setur samkvæmt samþykkt-inni. Ella sé það rífið á hans kostnað. Sé um brot á 50. gr. að ræða eða verk, sem til þarf sérstakt leyfi bygginganefndar, hafið án þess að leyfið sé fengið, skal lögreglustjóri undir eins og brotið kemst til vitundar hans, banna að verkinu sé haldið áfram, fyrr en fengið er leyfi bygginganefndar.

Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal farið sem almenn lögglumál.

53. gr.

Til þess að breyting á samþykkt þessari geti öðlzt gildi, þarf umræður hreppsnefndar á tveim fundum hennar, samþykki hreppsnefndar á breytingunni, og staðfesting ráðuneytisins.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Kirkjuhvamshrepps hefir samið og samþykkt, er hér með staðfest samkvæmt lögum nr. 19, 20. október 1905, sbr. lög nr. 55, 27. júní 1921, til að öðlast gildi 15. janúar þ. á. og birtist til eftirbreynti öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. janúar 1933.

Dorsteinn Briem.

Páll Palmason.

4

23. jan.

FISKVEIÐASAMÞYKKT

fyrir Miðneshrepp, Keflavíkurhrepp og Vatnsleysustrandarhrepp í Gullbringusýslu.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir fyrir Miðneshrepp, Keflavíkurhrepp og Vatnsleysustrandarhrepp í Gullbringusýslu, og nær til allra opinna báta og mótörþilbáta, er þar ganga til fiskjar yfir vetrarvertíðina, og eigi eru stærri en 60 smálestir, en vetrarvertíð fyrir báta þessa telst frá 1. jan. til 20. maí.

2. gr.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 20. maí, að báðum þeim dögum meðtöldum, má enginn fyrrgreindra báta, er ganga til fiskveiða frá **Sandgerði** á umræddu tímabili fara út af Sandgerðishöfn í fiskiróður fyrr en hér segir:

Í janúarmánuði kl. 2 að nóttu.

Í febrúarmánuði kl. 1 að nóttu.

Frá 1. til 15. marz kl. 12 að nóttu.

Frá 16. til 31. marz kl. 11 að kveldi.

Frá 1. til 10. apríl kl. 10 að kveldi.

Frá 11. til 20. apríl kl. 9 að kveldi.

Frá 21. til 30. apríl kl. 8 að kveldi.

Frá 1. til 20. maí kl. 7 að kveldi.

Takmörk Sandgerðishafnar teljast svo, að enginn fari vestur fyrir grænu 4
innsiglingarljósin á höfninni, og ekki norður fyrir hvíta ljósið á Sandgerðisvita. 23. jan.
— Þegar hinn tilsetti tími er kominn, verður gefið ljósmerki í landi.

3. gr.

Á tímabilinu frá 1. janúar til 20. maí, að báðum þeim dögum meðtöldum, má enginn fyrrgreindra báta, er ganga til fiskveiða frá **Keflavíkurhöfn** á fyrrgreindu tímabili, sleppa grunnfærum eða landfestum til fiskiróðurs fyrr en $1\frac{1}{4}$ kl.stund á undan róðrartíma þeim, sem ákveðinn er í 2. gr. hér að framan, eða þannig:

Í janúarmánuði kl. $12\frac{3}{4}$ eftir miðnætti.
Í febrúarmánuði kl. $11\frac{3}{4}$ fyrir miðnætti.
Frá 1. til 15. marz kl. $10\frac{3}{4}$ fyrir miðnætti.
Frá 16. til 31. marz kl. $9\frac{3}{4}$ fyrir miðnætti.
Frá 1. til 10. apríl kl. $8\frac{3}{4}$ að kveldi.
Frá 11. til 20. apríl kl. $7\frac{3}{4}$ að kveldi.
Frá 21. til 30. apríl kl. $6\frac{3}{4}$ að kveldi.
Frá 1. til 20. maí kl. $5\frac{3}{4}$ að kveldi.

Bátar úr Ytri- og Innri-Njarðvík í Keflavíkurhreppi mega fara það fyrr, að komnir séu að svonefndum „Vatnsnessteini“ á þeim tíma, er að ofan greinir um báta frá Keflavíkurhöfn, en þegar sá tími er kominn, verður gefið ljósmerki í landi.

4. gr.

Bátar af sömu stærð og um getur hér að framan, og til fiskjar ganga frá Vogavík í Vatnsleysustrandarhreppi, mega eigi sleppa grunnfærum eða landfestum til fiskiróðurs á fyrrgreindu tímabili fyrr en $\frac{1}{2}$ — hálfri — klukkustund á undan fiskiróðurstíma þeirra báta, er frá Keflavíkurhöfn ganga til fiskiróðurs eins og fyrr segir, og verður um það gefið ljósmerki þar í landi.

5. gr.

Hlutaðeigandi hreppsnefndir kjósa 3 menn ár hvert í nefnd til þess að gæta þess, að fyrirmælum samþykktarinnar sé fullnægt, og getur enginn formaður skorast undan kosningu, er heima á í Sandgerði, Keflavík eða við Vogavík, og annast nefndarmenn um að fyrirskipuð ljósmerki séu gefin um róðrartíma, og kæra þeir fyrir brot á samþykktinni fyrir lögreglustjóra.

6. gr.

Samþykkt þessi nær aðeins til línuveiða.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum frá 25 til 500 krónum, sem renna í sveitarsjóð hlutaðeigandi hrepps, en sektarfénu má aðeins verja til lendingabóta samkvæmt því, er mælir fyrir um í 7. gr. laga nr. 86, 14. nóv. 1917.

4

23. jan.

8. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Gullbringusýslu hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 86, 14. nóvember 1917 til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 23. janúar 1933.

Magnús Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

5

24. jan.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Hákonar kaupmanns Bjarnasonar og frú Jóhönnu Kristínar Þorleifsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dómsmálaráðherra, 24. janúar 1933. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir **Minningarsjóð Hákonar kaupmanns Bjarnasonar og frú Jóhönnu Kristínar Þorleifsdóttur.**

1. gr.

Vér undirskrifuð systkin, börn Hákonar kaupmanns Bjarnasonar og konu hans, Jóhönnu Kr. Þorleifsdóttur, höfum lagt í Söfnunarsjóð Íslands 2584 — tvö þúsund fimm hundruð áttatíu og fjórar — krónur 96 aura. Stóð upphæð þessi í Söfnunarsjóði í ársbyrjun 1927, og skal standa þar um aldur og æfi.

Við höfuðstólinn skal auk gjafa, er sjóðnum kunna að áskotnast, árlega leggja þriðjung ársvaxta, en tveir þriðjungar vaxtanna skulu árlega vera til reiðu fyrir stjórn sjóðsins, til ráðstöfunar samkvæmt því, er síðar segir.

2. gr.

Vér systkin höfum ein á höndum stjórn sjóðsins, meðan þrjú eða fleiri af oss lifa.

Þegar þrjú af oss eru látin, kýs Verzlunarráð Íslands einn mann í stjórn sjóðsins. Þegar fjögur eru látin, kýs stjórn Kvennaskóla Reykjavíkur annan mann í stjórnina. Og þegar vér öll erum látin, gengur elzti niður foreldra vorra í stjórnina. Er stjórnin þá fullskipuð og til frambúðar, enda sé hún heimilisföst í Reykjavík.

Nú verður stjórn sjóðsins ekki skipuð á þann hátt, sem hér segir, af því að enginn sjálfkjörinn maður er til í stjórnina, eða af því að önnurhvor kjörstofnunin fellur niður eða báðar, og skipar þá æðsta stjórnarvald skólamála